

af kröfum stefnda Þorvaldar Bjarnasonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 28/1918.

Réttvísinn

gegn

Einari Jónssyni, Guðnýju
Gísladóttur og Gísla Jóns-
syni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Árnassýslu gegn hinum ákærða Einari Jónssyni frá Nesjum í Grafningshreppi og meðákærðu Gísla Jónssyni málara Lindargötu 43 í Reykjavík og Guðnýju Gísladóttur sama staðar fyrir brot á 23. kap. hinna almennu hegningarlaga 25 júní 1869. Var ákærði Einar Jónsson með dómi nefnds réttar uppkveðnum 27. marz þ. á. dæmdur til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkv. 231. gr. (í dómnum stendur 131. gr. sem mun vera ritvilla) 1. lið sbr. 58. gr. alm. hegningarlaga og til að greiða allan málskostnað, en hin ákærðu, Gíslí Jónsson og Guðný Gísladóttir voru sýknuð af ákæru réttvísinnar í mál-

inu. — Dómi þessum hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Ákærði Einar Jónsson bjó í Nesjum í Grafningshreppi með ráðskonu sinni, meðákærðu Guðnýju Gísladóttur árin 1914 og 1915, en í fardögum það ár lét hann af búskap en var áfram í Nesjum hjá umráðamanni jarðarinnar Erlendi kaupmanni Erlendssyni í Reykjavík til aprílloka 1916, við heyskap um sumarið en um veturinn gætti hann kinda fyrir Erlend og var Guðný samvistum með ákærðu í Nesjum þar til laust fyrir jólaföstu, er hún flutti þaðan. Hin ákærðu, Einar og Guðný voru á fæði hjá Erlendi.

Ákærði Einar Jónsson hefir skýrt svo frá í réttarprófunum, að um haustið 1915, eftir að Erlendur og fólk hans var farið frá Nesjum og þau ákærði og Guðný voru orðin ein eftir, hafi hann fyrir þrábeiðni og áeggjan Guðnýjar ráðskonu sinnar, sem hafi kvartað undan því að þau vantaði skurð, leiðst til þess nokkru fyrir réttir að taka mórauðan hrút, er var í fénu á Nesjum. og slátra honum; hafi Guðný hjálpað sér til við slátrunina og hafi þau síðan hagnýtt sér kindina til heimilisins. Nokkru seinna sama haust tók ákærði í samráði við Guð ýju, að hann segir, á, sem var á eða við túnið á Nesjum og slátraði henni; hafi Guðný hjálpað sér til að reka ána í hús, hafi þau síðan farið með hana heim í fjós og skorið hana þar niður, en kjöt mör og gæru hafi þau hirt og hagnýtt sér. Ákærði hefir fyrst borið fyrir réttinum að kindur þessar hafi ekki verið úr nágrenninu og hann hafi ekki vitað hverjir voru eigendur þeirra, en síðar hefir hann leiðrétt þennan framburð á þá leið, að hús-

bóndi sinn Erlendur Erlendsson, hafi átt kindur þessar. Hefir verið lagt fram í málinu vottorð frá Erlendi þessum um að ákærða hafi verið heimilt að skera af kindum hans eina eða tvær til fæðis handa sér, en ekkert er komið fram í málinu um að ákærða hafi verið kunnugt um heimid þessa, enda er vottorð þetta ekki staðfest fyrir rétti.

Þá hefir ákærði ennfremur kannast við, að hann sama haustið hafi fundið í Nesjalandi dýrbitið lamb. Fór hann með það heim til sín, og er hann þóttist sjá að því væri ekki líft, slátraði hann því og hagnýtti sér. Ber ákærði að honum hafi verið ókunnugt um eigandann, en ekkert gerði hann til þess að lýsa lambinu eða komast fyrir hver ætti það. Þá hefir ákærði játað það, að hann hafi veturinn 1914-15 skorið hvíta lambgimbur, sem var eign Erlendar kaupmanns Erlendssonar, og virðist hafa verið á fóðri hjá ákærða; var kind þessi eftir framburði ákærða með upprætti. Ætlaði ákærði í fyrstu að þegja yfir þessu, en kveðst síðar hafa ásett sér að segja Erlendi frá þessu, þótt það yrði í undandrætti.

Brot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki verið hegnt fyrir neinn glæp, heyra undir 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og er refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærða Guðný Gísladóttir, sem er fædd 8. okt. 1870 og hefir 2var sætt hegningu fyrir glæpi, sem sé 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað samkv. aukaréttardómi Árnessýslu 14. jan. 1889

og 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir barnsfæðingu í dulsmáli samkvæmt aukaréttardómi Rangárvallasýslu 1. febr. 1908, staðfestan af landsyfirrétti 24. ágúst s. á., hefir eindregið neitað því, að hafa tekið þátt í kindatöku ákærða Einars Jónssonar. Hún neitar því, að hún hafi orðið þessvör, að Einar hafi slátrað mórauðum brútt haustið 1915; hinsvegar viðurkennir hún, að hún hafi verið viðstödd er ákærði tók ána á eða við túnið á Nesjum, en hún heldur því fram að hún hafi afsagt Einari að koma með ílát til að skera kindina í, með því að hún þóttist vita að kindin væri eigi frjáls, og hafi þetta verið orsök til þess að kindin var skorin niður, en eftir skipun Einars hafi hún haldið fótum meðan hann skar kindina. og hafi hún eigi þorað annað en að gegna þessari skipun hans: hafi Einar enn fremur skipað henni að hafa gát á hvort nokkur kæmi meðan hann var að gera kindina til, en því kveðst hún ekki hafa hlýnast

Ákærði Einar Jónsson hefir enn fremur sakað ákærðu um að hún hafi í heimildarleysi tekið af ull, er Erlendur Erlendsson átti í Nesjum, svo og um að hafa tekið frá sér (ákærða) peninga, en með því að þetta styðst ekki við annað en framburð og skýrslu Einars, er það gegn neitun ákærðu ósannað að hún hafi gerst sek í þessu.

Með því að það eftir skýrslum málsins verður eigi álitid að ákærða hefði þurft að óttast illa meðferð frá Einars hálfu, þótt hún hefði neitað honum um alla aðstoð við slátrun ærinnar, verður ákærða fyrir þessa aðstoð að sæta refsingu fyrir hlutdeild í afbroti þessu og ákveðst hegning sú, er hún hefir tilunnið samkv. 48. gr. sbr. 250. gr. og með hliðsjón

af 57. gr. 2. másl. almennra hegningarlaga 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Gísli Jónsson, sem er fæddur 4. sept. 1878 og ekki hefir áður sætt neinni hegningu, er sakaður um að hafa verið hvatamaður að og í vit-orði með Guðnýju Gísladóttur um að taka að ófrjálsu peninga frá meðákærða Einari Jónssyni, en með því að það gegn neitun ákærða er öldungis ósannað að hann hafi gert sig sekan í neinu refsiverðu, ber að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í máli þessu, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Af sakarkostnaðinum í héraði öðrum en varðhaldskostnaði Guðnýjar Gísladóttur, er hún greiðir, greiði ákærði Einar Jónsson $\frac{2}{3}$ hluta og Guðný Gísladóttir $\frac{1}{3}$ hluta. Hin ákærðu Einar Jónsson og Guðný Gísladóttir greiði og í sama hlutfalli (að $\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda við yfirdóminn, er ákveðs 20 kr., en Einar Jónsson greiði málflytningsskaup talsmanns síns fyrir yfirdómi yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar 20 kr. og Guðný Gísladóttir málflytningsslaun skipaðs talsmanns síns, yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar 20 kr.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gísli Jónsson á að vera sýkn af ákærum sækjanda í þessu máli. Ákærði Einar Jóns-

son sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og ákærða Guðný Gísladóttir 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Af sakarkostnaðinum í héraði öðrum en varðhaldskostnaði Guðnýjar Gísladóttur, er hún greiðir, greiði ákærði Einar Jónsson $\frac{2}{3}$ hluta og ákærða Guðný Gísladóttir $\frac{1}{3}$. Hin ákærðu Einar Jónsson og Guðný Gísladóttir greiði og í sama hlutfalli ($\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claesen, 20 kr. Enn fremur greiði ákærði Einar Jónsson málfutningskaup talsmanns síns fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr. og ákærða Guðný Gísladóttir greiði málfutningskaup talsmanns síns yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, 20 kr.

Dóminum skal fullnæja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. sept. 1918.

Nr. 34/1918.

Björn Gíslason

gegn

Eggert Briem yfirdómara.

D ó m u r :

Það athugast að stefndi hefir gefið út stefnu á ndur sjálfum sér í máli þessu eftir beiðni áfrýj-